

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2014

Haldinn að Jaðri 27.nóvember kl. 20:00

Sigmundur Ófeigsson setti fundinn og bauð félaga velkomna.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn – Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kosinn Tryggvi Gunnarsson og ritari Ingi Torfi Sverrisson

2. Skýrsla formanns.

Sigmundur Ófeigsson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar

3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

Guðlaug Óskarsdóttir gjaldkeri tók til máls. Árið 2014 er búið að vera mjög viðburðarríkt í starfi GA eins og undanfarin ár. Golfvöllurinn í frábæru standi ásamt flottri inniaðstöðu. Á árinu þá tók GA við rekstri á Lundsvelli sem var ágætlega nýttur af okkar félagsmönnum, teljum við þetta skemmtilega viðbót fyrir alla okkar félagsmenn. Einnig sér GA um viðhald knattspyrnuvalla Þórs og KA munum við gera það a.m.k næstu fjögur árin.

Áður en yfirferðin hefst er rétt að taka fram að sundurliðanir koma fram með ársreikningi. Þannig koma nú helstu tekju- og útgjaldaliðir fram í rekstrarreikningnum sjálfum. Okkar mat er að með þessu fáist gleggri mynd af rekstri klúbbsins. Árlega er farið í að auka tekjur klúbbsins til að geta unnið áfram að bæta gæði vallarins og umhverfi hans.

Innheimtur félagsgjalda hækkuðu um 6,4 milljónir, þar af 1,3 sem komu frá Lundsvelli. Framlög og styrkir hækka um 4,4 milljónir á milli ára. Einnig hækkar rekstrarstyrkurinn frá Akureyrarbæ um 4 milljónir á milli ára. Tekjur af mótum og vallargjöld hækka um rúmar 2,2 milljónir. Útgjaldaliðir hækkuðu rúmar 24 milljónir eins og sjá má á betur í sundurliðunum. Það eru ýmsir liðir rekstrarins sem skýra þá hækkun, s.s. þjálfun og kennsla, ráðning aðstoðarvallarstjóra, golfverslun, Lundsvöllur,

stjórnun og afgreiðsla, auk þess sem samkeppnisrekstur skapar ákveðin útgjöld á móti tekjum af samkeppnisrekstri.

EBIDTA er um 9,5 milljónir og rekstrarhagnaður 3,7 milljónir án fjármálsliða.

Að fjármagnsliðum fráðregnum er því hagnaður upp á 100 þús. Við stefnum vissulega að því að gera betur í rekstrinum til framtíðar, en í ljósi þeirra framkvæmda sem kláraðar voru á árinu teljum við í stjórn klúbbsins, að með áframhaldandi vinnu á sömu nótum og verið hefur muni reksturinn halda áfram að styrkjast. Þær áætlanir sem gerðar hafa verið næstu ára miða allar í þá átt.

Efnahagsreikningur

Eignir

Við sjáum að verðmæti fastafjármuna lækkar um tæplega 3 milljónir.

Veltufjármunir hækka á milli ára um 8,4 milljónir. Eignir félagsins hafa því aukist um 5,5 milljónir á milli ára.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé GA hækkar örlítið. Langtímaskuldir lækka um 2,8 milljónir.

Skammtímaskuldir hækka um rúmar 8 milljónir. Skýringar á því eru framkvæmdir sem kláraðar voru á árinu, og átti lokagreiðsla að berast okkur í apríl sem dregst fram í janúar n.k. við þurfum því að treysta á skammtímafjármögnun hluta úr ári.

Skv. rekstraráætlun þeirri sem farið verður yfir á eftir er markmiðið að minnka þessa fjárþörf markvisst á næstu árum .

Sjóðstreymi

Við ákváðum að halda inni breytingu á reikningum klúbbsins að láta sjóðstreymi fylgja með sem sérstakan kafla í reikningunum.

Handbært fé í árslok er 100 þús minna á milli ára.

Gísli Braggi óskar mönnum til hamingju með að klúbburinn sé rekinn með hagnaði. Spyr um 1 m.kr. tap á lundsvelli og tap á viðhaldi fótoltavalla. Ágúst svarar, tap á lundsvelli er ekki raunverulegt. Inni í tekjum GA af árgjöldum eru árgjöld vegna Lundsvallar. Hann er rekinn á núlli. Varðandi samkeppnisreksturinn. Golfvöllur hefur minnkað, hluti af launum starfsmanna fer inná þann rekstur og dettur þá út á móti.

4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar. Hver grein er borin undir fundin fyrir sig.

Skýrsla formanns og ársreikningar samþykktur samhljóma.

5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru. Fundarstjóri fer yfir þær lagabreytingar sem stjórn hefur lagt til.

Fundarstjóri fer yfir breytingar sem lagðar hafa verið til af stjórn GA.

5. grein fyrirspurn

Spurt er um ástæðu þessarar breytingu. Ágúst svarar því að þetta veiti stjórn heimild að veita undanþágu á árgjöldum ef til dæmis komi til veikinda félagsmanna eins og gerðist í sumar. Skýrir jafnframt ástæðu þess að gjalddagar séu færðir fram en það er til þess að auðvelda fjármögnun klúbbsins.

7. grein Hjörtur bendir á að breyta skuli orðalagi “nefnd vinnur ókeypis” breytt í “stjórn skuli starfa launalaust”

Aðalfundur samþykkir allar lagabreytingar sem lagðar voru fram.

6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins

Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Stjórn og nefndir starfsárið 2014-2015 – Tillaga uppstillingarnefndar

Aðalstjórn

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	seinna ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrri ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	fyrri ár

Varamenn í stjórn

1. varamaður	Sigurður Skúli Eyjólfsson	eitt ár
2. varamaður	Eygló Birgisdóttir	eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Jón S. Hansen
Heimir Jóhannsson
Sverrir Þorvaldsson
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Ágúst Jensson
Steindór Kr. Ragnarsson

Afreks og unglínganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Bjarni Freyr Guðmundsson
Anton Ingi Þorsteinsson
Ágúst Jensson
Árni Jónsson
Golfkennari GA

Kappleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson

Arctic Open nefnd

Formaður: John Júlíus Cariglia
Viðar Valdimarsson

Karl Haraldur Bjarnason
Framkvæmdastjóri GA

Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Eygló Birgisdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Stefán Jónsson
Eiður Stefánsson

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Ingólfur Bragason
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Nýliðanefnd

Formaður: Karl Guðmundsson
Þorsteinn Konráðsson
Sigurlaug Helgadóttir
Snæbjörn Snæbjörnsson
Jón Gunnar Traustason

Öldunganefnd

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.

Lögð var fram tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs og er hún eftirfarandi:

	2014	2015
Hópur	Árgjald	Árgjald
Fullorðnir	74.000 kr.	79.000 kr.
Hjón	66.600 kr.	71.100 kr.
Öldungar	49.500 kr.	55.000 kr.
17 - 20 ára	39.500 kr.	42.000 kr.
15 - 16 ára	32.500 kr.	34.500 kr.
13 - 14 ára	30.000 kr.	30.000 kr.
11 - 12 ára		25.000 kr.
10 ára og yngri		20.000 kr.
Nýliðar/skólagjald	55.000 kr.	55.000 kr.

Spurt hvers vegna hafi gjald hækkað umfram verðbólgu eða tæp 8%. Ágúst segir að framundan sé mikið viðhald á tækjum og talsverð þörf á fjárfestingum á komandi ári. Dýrt sé að eiga gömul tæki. Miklar kröfur um gæði vallar og að

sláttur sé ekki á háanna tíma, til þess þurfum við tæki og tól. Inniaðstaða er góð og aðgangur að Lundsvelli sé auk þess best við.

Tillaga samþykkt. Einn á móti

8. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.

Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

9. Önnur mál.

Guðlaug komu fram fyrir hönd orðunefndar og veitti viðurkenningar GA

Afreksmerki GA: Tumi Hrafn Kúld og Andrea Líf.

Holumeistari: Víðir Tómasson.

Háttvísisbikar GA: Andrea Líf.

Kylfingur ársins: Tumi Hrafn Kúld.

Undir liðnum önnur mál gerir framkvæmdastjóri grein fyrir rekstraráætlun næsta árs

Sumarið í sumar gekk vel. Helstu breytingar á gjöldum klúbbsins eru að til stendur að bæta við 3 starfsmönnum á komandi ári. Fremur mikil yfirvinna var á liðnu sumri sem vilji er til að draga úr. Átælanir gera ráð fyrir að keypt verði götunarvél, vinnubílar og slátturvélar. Einnig er uppi hugmynd um að fjárfesta í tveimur bröggum sem notaðir verða undir tæki. Gert ráð fyrir góðum hagnaði á næsta ári. Ágúst sýnir fundinum áætlun þar sem fram kemur að klúbburinn hefur meira svigrúm til þess að greiða niður skuldir og lækka skammtímaskuldir. Fyrirhugað er viðhald innandyra í klúbbhúsinu. Samningar náðust við bæjarstjórn þess efnis að klúbburinn fær 95. Milljónir króna frá Akureyrarbæ næstu þrjú árin.

Spurt um áætlaðan kostnað vegna æfingasvæðis. Framkvæmdir við völl, æfingasvæði og þar 3 holu völl sé um 95 m.kr. Hafist verður handa við að byggja nýtt æfingaskýli í desember 2016.

Áætlanir gera ráð fyrir að afkoma verði upp á 9 m.kr. Langtímaáætlunin er sú að einu skuldir klúbbsins muni verða vegna tækjakaupa hverju sinni.

Rekstraráætlun klúbbsins samþykkt samhljóða.

Fyrirspurnir.

Karl vill lýsa ánægju sinni með stjórnina og starfsárið sem er að líða. Lýsir ánægju með 6 holu völlum sem farið er að vinna í því það muni fjölga nýliðum á komandi árum.

Jón Gunnar Spyr hvort segja megi upp skápaleigu í golfbæ. Fær hann jákvætt svar við því. Rúnar talar um að upphaflega hafi verið talað um að upphafleg gjaldtaka hafi verið 5.000 kr og gildir fyrir 2 ár og að það hafi lagt á til þess að auðvelda framkvæmdina (startgjald). Formaður telur þetta eðlilega gjaldtöku miðað þessa ágætu þjónustu.

Sveinn spyr um hita og rafmang. 900.000 kr. Mismun milli ára. Klúbburinn átti inneign við inntöku á hitaveitu. Bókhald og reiknishald var keypt á þessu ári og skýrir mismun milli ára. Símakostnaður hærri en hefur verið. Nú er Wifi í klúbbhúsi og höll, auk þess sem tveir starfsmenn bættust við.

Gísli Bragi þakkar frábært ár og að unnið hafi verið kraftaverk síðastliðið ár og að ekki sé lengur þörf á því að nöldra eins og verið hefur.

Heimir fer fyrir vallarnefnd og segir hana stefna á að fara í snyrtingar á vellinum á trjám og biðlar til meðlima að aðstoða við þá framkvæmd.

Í lögum klúbbsins segir að lesa eigi upp fundargerð og hún undirrituð í lok fundar en það er ekki gert fundarstjóri fær leyfi fundarins að ritari gangi frá fundargerð síðar.

Fundi slitið kl. 21:45

Ingi Torfi Sverrisson